

## Upplýsingar og samþykki fyrir vinnslu lífkennaupplýsinga við auðkenningu

Þar sem þú hefur valið að nota lífkennaupplýsingar þínar til þess að auðkenna þig við umsókn um fullgild rafræn skilríki, er mjög mikilvægt að þú lesir eftirfarandi texta gaumgæfilega og haldir umsóknarferlinu aðeins áfram ef þú skilur og samþykkir skilyrðin að öllu leyti.

Ef þú samþykkir ekki vinnslu lífkennaupplýsinga þinna (andlitsmynd) í auðkenningarskyni og sjálfvirka ákvarðanatöku sem vinnslunni fylgir, vinsamlegast veldu aðra auðkenningaraðferð fyrir umsókn þína.

Auðkenni vill sérstaklega vekja athygli á því að þú hefur rétt til að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er. Athugaðu þó að á Auðkenni, sem traustþjónustuveitanda, hvílir lagaskylda til að geyma persónuupplýsingar þínar.

Auðkenni útvistar þessari vinnslu til vinnsluaðila og undirvinnsluaðila hans, þessir aðilar eru staðsettir í Eistlandi, Hollandi og Bretlandi.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi vinnslu persónuupplýsinga þinna viljum við benda þér á [Persónuverndarstefnu Auðkennis](#) og ef þörf er á skaltu ekki hika við að hafa samband við Auðkenni:

Auðkenni ehf. (ábyrgðaraðili)  
Heimilisfang: Katrínartúni 4, 105 Reykjavík  
Kennitala: 521000-2790  
Netfang: [personuvernd@audkenni.is](mailto:personuvernd@audkenni.is)  
Sími: +354 530 0000

### Samþykki fyrir vinnslu lífkennaupplýsinga við auðkenningu:

- Ég staðfesti að ég hef náð 18 ára aldri og að ég er lögráða.
- Ég heimila Auðkenni að vinna með lífkennaupplýsingar mínar (andlitsmynd) í auðkenningarskyni og samþykki sjálfvirka ákvarðanatöku sem vinnslunni fylgir í þeim tilgangi að auðkenna mig við umsókn um rafræn skilríki í Auðkennisappi.
- Ég heimila Auðkenni að framkvæma sannprófun á lífkennaupplýsingum mínum til að staðfesta öryggi rafrænna auðkenna minna og kanna gæði þeirra tæknilausna sem notaðar eru.

